



Ránargata 18  
101 Reykjavík  
Sími: 552 5242  
Fax: 562 5242  
Netfang: landvernd@landvernd.is  
Veffang: www.landvernd.is

LANDVERND

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Bt. Nefndarsviðs / Þórarinn Þorgeirsson  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/2787*  
*komudagur 29.6.2001*  
25. júní 2001

**Efni: Þingsályktunartillaga um landgræðsluáætlun 2002-2013, 637 mál.**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 29. maí 2001.

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við framangreinda tillögu. Samtökin vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1.  
Lýst er yfir ánægju með að tekið sé heildstætt á landgræðslumálum með þessum hætti.
2.  
Lýst er eftir mælanlegum markmiðum til að auðvelda mat á árangri áætlunarinnar í framtíðinni.
3.  
Bent er á mikilvægi þess að sett sé skýr markmið um sjálfbæra landnýtingu og að lög og reglugerðir verði samræmd og felld að þessum markmiðum. Haustið 1999 var boðað að landgræðslulögin yrðu endurskoðuð á yfirstandandi þingi og með endurskoðuninni yrðir staða gróðurverndar bætt. Þetta hefur því miður enn ekki gengið eftir.
4.  
Landvernd telur að sjálfbær landnýting sé hagkvæmasta leiðin til að koma í veg fyrir eða stöðva gróður- og jarðvegseyðingu. Landnýtingaráætlanir og eftirlit með framfylgd þeirra ættu því að gegna lykilhlutverki í áætluninni. Landvernd bindur vonir við að landnýtingarþáttur gæðastýringar í samningi ríkisins við sauðfjárbændur muni stuðla að þessu. Í því sambandi telur Landvernd að viðmið vegna sjálfbærar landnýtingar verði að vera skýr. Þar sem sauðfjárbætur er enn meiri en sett viðmið, verði það forsenda fjárframlaga úr ríkissjóði, að viðkomandi aðilar leggi fram tímasetta áætlun um úrbætur.
5.  
Landvernd telur mikilvægt að áætlunin kveði skýrt á um alþjóðlegt samstarf í þessum málaflokki. Aðild Íslands að Samningnum um baráttu gegn myndum eyðimerkur skyldar íslensk stjórnvöld til að sinna alþjóðlegu vísindasamstarfi og til að miðla þekkingu og fjármagni til þróunarlanda. Þekking Íslendinga á þessum málum er mikil og því eðlilegt að þetta viðfangsefni fái hlutdeild í þróunarsamvinnu landsins. Jarðvegs- og gróðureyðing er víðtækt vandamál í sunnanverðri Afríku og þar hefur starf Þróunarsamvinnustofnunar fest rætur. Það væri skynsamlegt að nýta þessar aðstæður til að koma á samstarfi um jarðvegs- og gróðurvernd á þessum landssvæðum.

6.

Skógrækt gegnir mikilvægu hlutverki í því að ná markmiðum í landvernd og landgræðslu. Áætlunin mætti skýra betur hvernig nýta má skógrækt til eflingar landgræðslustarfinu og hvernig viðkomandi stofnanir og áhugamannasamtök geta stillt betur saman krafta sína til að hámarka árangur.

7.

Landvernd lýsir yfir áhyggjum vegna þess að enn hefur ekki tekist að koma á viðunandi varnaraðgerðum á tilteknum svæðum sem eru í mikilli hættu, eins og t.d. á Mývatnsöræfum og víða í afmörkuðum hrossahögum. Í áætluninni eru áform um varnaraðgerðir og eru Mývatnsöræfi sérstaklega nefnd í því sambandi. Sé litið til Mývatnsöræfa sérstaklega þá telur Landvernd að ef ekki næst samkomulag við viðkomandi aðila um löngu tímabærar aðgerðir, verði stjórnvöld að gera sértækar ráðstafanir. Skapa verður lagalegar forsendur svo stjórnvöld geti gripið inn í ef viðkomandi aðilar sinna ekki tilmælum um nauðsynlegar aðgerðir til að stöðva hættulega jarðvegs- og gróðureyðingu. Hér er aftur vísað til nauðsynlegrar endurskoðunar á landgræðslulögum sem boðuð var haustið 1999.

8.

Landvernd minnir á Samninginn um líffræðilega fjölbreytni og Náttúrverndarlögin þar sem kveðið er á um að sýnd sé varúð við notkun framandi (erlendra) tegunda og við einsleita ræktun sem getur dregið úr fjölbreytni í gróðurfari. Þessi sjónarmið þurfa að koma fram í landgræðsluáætluninni.

9.

Að lokum ein athugasemd um framsetningu. Í framlagðri tillögu eru fjárframlög til málaflokksins flokkuð sem markmið. Er fjármagn ekki leið til að ná settum markmiðunum ?

Að lokum viljum við rifja upp samþykkt aðalfundur Landverndar árið 1999 þar sem segir að "Landvernd fagnar þeim aðgerðum sem stuðlað hafa að því að bæta gróðurfari á hálendi Íslands. Ástand gróðurs á hálendinu er þó enn víða bágborið og frekari aðgerða er þörf. Í byggð er gróðureyðing einnig víða verulegt vandamál, sérstaklega af völdum hrossabeitar. Landvernd skorar því á stjórnvöld að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- að sjálfbær nýting lands og gróðurs verði forsenda stuðnings við sauðfjárbúskap,
- að stuðla að því að gerð verði gróðurnýtingaráætlun á öllum jörðum,
- að vinna að fækkun hrossa og koma í vega fyrir tjón af völdum beitar stórgripa í hliðum,
- og að efla stöðu gróðurverndar með nýjum landgræðslulögum sem sett verði á yfirstandandi þingi."

Virðingarfyllt,



Tryggvi Felixson  
framkvæmdastjóri Landverndar